

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t. Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 4. maí 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, með síðari breytingum (724. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í breytingar á lögum um neytendalán svo þau nái einnig til svokallaðra smálána.

Viðskiptaráð Íslands fagnar ofangreindu frumvarpi. Um nokkurn tíma hefur verið kallað eftir lagasetningu á þessu sviði, af hálfu lántakenda, en ekki síður af hendi lánveitenda. Breytingunum er aðallega ætlað að ná til svokallaðra smálána, lánafyrirkomulag sem er tiltölulega nýtt hér á landi.

Í núgildandi lögum um neytendalán er takmörkun sett við upphæð þeirra lána sem undir löginn falla og tímalengd lána, þannig að þau lán sem eru undir 15.000 kr. og til skemmri tíma en þriggja mána falla ekki undir löginn. Breytinga var þörf á þessu sviði svo smálán myndu falla undir löginn, líkt og önnur neytendalán. Sú breyting sem ofangreint frumvarp hefur í för með sér er því jákvæð fyrir þá neytendur sem nýta sér þessa lánamöguleika en ekki síður fyrir þá lánveitendur sem um ræðir því regluverk er sett um starfsemi þeirra og aukið gagnsæi í starfi.

Nauðsynlegt er að hafa lagaramma um þessa tegund lána líkt og með önnur lán. Mikilvægt er þó að slíkur rammi sé skýr, gagnsær og gæti jafnræðis við aðra lánveitendur. Frumvarpið er lagt fram vegna smálána eins og áður kom fram, hins vegar verður að athuga að þær breytingar sem eru gerðar á lögnum vegna smálána, hafa einnig áhrif á aðra lánastarfsemi. Það virðist sem þetta atriði hafi ekki verið haft að leiðarljósi við gerð frumvarpsins, því sumar af þeim breytingum sem lagðar eru til falla illa að núverandi lánaumhverfi og eru jafnvel ill framkvæmanlegar.

Almennar athugasemdir

Nokkrar athugasemdir eru gerðar við ákvæði og framsetningu frumvarpsins. Með þeim breytingum sem felast í 1. gr. frumvarpsins eru smálán felld undir lög um neytendalán. Þeim lögum fylgir ákveðið eftirlit og aðhald vegna lánastarfsemi og ætti því að vera fullnægjandi vegna þessara lána líka. Hins vegar telja þeir sem standa að gerð frumvarpsins ástæðu til að útvíkka ákvæði samningsins og með því hafa áhrif á alla lánastarfsemi, óháð því hvort um smálán eða önnur lán er að ræða. Betra hefði verið að fella undir löginn smálán með ofangreindu frumvarpi en eftirláta þeirri nefnd sem mun fjalla um innleiðingu Evróputilskipunar um neytendalán að taka á því hvort nauðsynlegt sé að breyta öðrum þáttum laganna.

Full ástæða er til að gagnrýna þá umfjöllun sem fer fram um smálán í greinargerð með frumvarpinu. Í greinargerðinni er fjallað um smálán líkt og um glæpastarfsemi væri að ræða og því til stuðnings er vísað til úttektar Velferðarvaktarinnar þar sem smálánastarfsemi er líkt við sölu fíkniefna. Slík umræða er afskaplega ómálefnaleg og á ekki heima í gögnum frá ráðuneyti sem taka á alvarlega, gagnrýna verður slík vinnubrögð og gera kröfu um fagmannlegri vinnubrögð.

2. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til ákvæði vegna markaðssetningar neytendalána. Það sjónarmið sem liggur hér að baki er góðra gjalda vert en hins vegar verður að gera athugasemd við framsetninguna. Ákvæðinu er ætla að tryggja ákveðna upplýsingagjöf til neytenda vegna lána og er gerð krafa um að helstu þættir vegna lántöku komi fram við markaðssetningu lána. Í 4. tölulið er gert ráð fyrir að höfuðstóll lána komi

fram og í 6. tölulið er gert ráð fyrir að heildarupphæð sem skal greiða komi fram. Hins vegar er ekki almennt svo að neytendalán beri fasta upphæð þegar þau eru markaðssett, til að mynda er ekki bara í boði ákveðnar fastar upphæðir af fasteignalánum eða bílalánum, þau eru háð hverju tilviki fyrir sig. Í athugasemdum greinargerðar með þessu ákvæði er vísað til þess að með greininni sé veitendum smálána gert skylt að veita ákveðnar upplýsingar. Hins vegar ber ákvæðið í frumvarpinu það ekki með sér að þetta eigi aðeins við um smálánafyrirtæki, enda ekki eðlilegt að slíkt misræmi væri á kröfum til upplýsingagjafa milli lánafyrirtækja. Ákvæðið nær því til allra veitenda neytendalána og af þessu leiðir að almennum lánastofnunum verður gert hér um bil ómögulegt að markaðssetja lánaleiðir sínar með góðu móti. Endurskoða verður ákvæðið með þeim hætti að framkvæmanlegt er fyrir alla aðila.

Viðskiptaráð leggur til að 4. og 6. tl. 2. gr. verði felldur niður.

3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að öllum lántökum neytendalána verði gert skylt að gangast undir greiðslumat vegna lántöku. Líkt og vegna fyrri athugasemda þá virðist hér hafa farið framhjá frumvarpshöfundum að ákvæðið nær til allra neytendalána. Eðlilegt er að gera kröfu um greiðslumat fyrir meiriháttar lán og að sú krafa sé í samræmi við þá skuldsetningu sem um ræðir. Hins vegar er varla framkvæmanlegt að gera kröfu um að greiðslumat sé framkvæmt vegna allra greiðslukorta- og yfirdráttarlána eins og ákvæðið gerir í núverandi mynd. Ekki er gerður greinarmunur á eðli eða upphæð þeirra lána sem undir skyldu um greiðslumat falla.

Í greininni er ekki gert ráð fyrir neinum aðlögunartíma áður en skylda um greiðslumat tekur gildi. Töluverð undirbúnings- og pappírsvinna liggur því að baki að gera greiðslumat og verður að gefa hér svigrúm til aðlögunar áður en ákvæði sem þetta tekur gildi.


Einnig er í greininni lögð til reglugerðarheimild til handa ráðherra vegna ákvæðisins. Gagnrýna verður hversu opin þessi heimild er. Sérstaklega ber að varast þetta í ljósi þess hvernig umfjöllun greinargerðar fer út fyrir það sem gæti talist málefnaleg og eðlileg umfjöllun þegar kemur að gagnrýni á smálánafyrirtæki og vegna orða núverandi efnahags- og viðskiptaráðherra í kvöldfréttum Stöðvar 2 þann 8. febrúar 2010 þar sem hann líkti smálánafyrirtækjum við siðlausa sjóræningja og að koma ætti í veg fyrir slíka starfsemi. Mun betra og gagnsærra væri í þessum efnum að setja fram ákveðnar forsendur í lögum varðandi greiðslumat, t.d. til hvaða lána skyldan nær og hvaða gögn skulu liggja fyrir, einnig væri þá hægt að setja greiðslumatsskyldu í samræmi við skuldsetningu hverju sinni.

Viðskiptaráð leggur til að breytingar verði gerðar á 3. gr. í þá átt að reglugerðarheimild verður felld niður, bætt verði við í ákvæðið forsendum fyrir greiðslumat, t.d. til hvaða lána skylda um greiðslumat nær, hvaða grunn gögn skuli liggja fyrir og kröfu um greiðslumat í samræmi við skuldsetningu hverju sinni.

Mikilvægt er að eftirlit sé haft með lánveitingum hverju sinni, hvort sem það eru húsnæðislán eða smálán. Ofangreint frumvarp tryggir slíkt eftirlit en fer þó langt út fyrir tilgang sinn með því að setja fram íþyngjandi ákvæði sem gera almenna lánastarfsemi torveldari, án þess þó að það hafi verið tilgangur frumvarpsins.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllt,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands